

## Efnisyfirlit kafli 2.

2.	Skeringar .....	1
21.	Hreinsun bergyfirborðs .....	1
22.	Bergskeringar .....	1
22.1	Bergskeringar í vegstæði .....	1
22.11	Sprengingar á byggðum svæðum .....	1
22.12	Sprengingar á opnum svæðum .....	1
22.13	Berg í yfirborði undirbyggingar .....	1
22.14	Flokkun efnis úr bergskeringum .....	1
22.15	Sprengingar á lausum steinum .....	1
22.2	Grjótnám .....	1
22.21	Grjótnám við byggð .....	2
22.22	Grjótnám á opnum svæðum .....	2
22.23	Grjótnám, flokkun efnis .....	2
22.24	Grjótnám, forskurður bergs .....	2
22.3	Forskurður bergs (presplit) .....	2
24.	Skeringar í laus jarðlög .....	2
24.1	Ónothæfu efni jafnað í fláafleyga .....	2
24.11	Ónothæfu efni ýtt í fláafleyga .....	2
24.12	Ónothæfu efni ekið í fláafleyga .....	2
24.2	Ónothæfu efni jafnað á losunarstað .....	2
24.21	Ónothæfu efni ýtt og jafnað við veg .....	2
24.22	Ónothæfu efni ekið og jafnað við veg .....	3
24.3	Ónothæfu efni jafnað á losunarstað .....	3
24.31	Ónothæfu efni ekið á losunarstað .....	3
24.4	Skeringar í nothæft efni .....	3
24.41	Nothæft efni flutt á losunarstað utan vegar .....	3



## 2. Skeringar

### 21. Hreinsun bergyfirborðs

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við hreinsun bergyfirborðs innan marka bergskeringar í samræmi við fyrirmæli. Kostnað við brottflutning og frágang þess efnis, sem hreinsað er ofan af berginu skal reikna með öðrum verkþáttum og skal því þessum lið eingöngu telja þann aukakostnað, sem hreinsunin veldur.

f) Uppgjör miðast við hannaðan flöt, sem hreinsaður er í samræmi við framanskráð.

Mælieining:  $m^2$

### 22. Bergskeringar

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við gerð bergskeringar (sprengingar), með eða án sérstakra takmarkana. Innifalið er m.a. borun, hleðsla og sprengiefni, frágangur allra yfirborðsflata bergskeringar, annarra en yfirborðs undirbyggingar, afstíffing, styrking, og yfirbygging, ef nauðsynleg er, hreinsun, vatnsvarnir, steinsprenging o.s.frv. Allur annar kostnaður við efni úr bergskeringum (ámokstur, flutningur, frágangur efnis o.s.frv.) reiknast með kostnaði við aðra verkþætti (fylling, burðarlög o.s.frv.), nema mælt sé fyrir um annað.

f) Uppgjör miðast við hannað rúmmál í óhreyfðu bergi.

Mælieining:  $m^3$

#### 22.1 Bergskeringar í vegstæði

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við gerð bergskeringar (sprengingar), með eða án sérstakra takmarkana. Innifalið er m.a. borun, hleðsla og sprengiefni, frágangur allra yfirborðsflata bergskeringar, annarra en yfirborðs undirbyggingar, afstíffing, styrking, og yfirbygging, ef nauðsynleg er, hreinsun, vatnsvarnir, steinsprenging o.s.frv. Allur annar kostnaður við efni úr bergskeringum (ámokstur, flutningur, frágangur efnis o.s.frv.) reiknast með kostnaði við aðra verkþætti (fylling, burðarlög o.s.frv.), nema mælt sé fyrir um annað.

f) Uppgjör miðast við hannað rúmmál í óhreyfðu bergi.

Mælieining:  $m^3$

#### 22.11 Sprengingar á byggðum svæðum

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við sprengingar á byggðum svæðum. Innifalið er meðal annars borun, hleðsla og sprengiefni, frágangur allra yfirborðsflata, hreinsun vatnsvarnir steinsprenging o.s.frv. Allur annar kostnaður svo sem ámokstur, flutningur, frágangur efnis o.s.frv. reiknast með kostnaði við aðra verkþætti nema mælt sé fyrir um annað.

f) Uppgjör miðast við hannað rúmmál í óhreyfðu bergi.

Mælieining:  $m^3$

#### 22.12 Sprengingar á opnum svæðum

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við sprengingar á opnum svæðum. Innifalið er meðal annars borun, hleðsla og sprengiefni, frágangur allra yfirborðsflata, hreinsun vatnsvarnir steinsprenging o.s.frv. Allur annar kostnaður svo sem ámokstur, flutningur, frágangur efnis o.s.frv. reiknast með kostnaði við aðra verkþætti nema mælt sé fyrir um annað.

f) Uppgjör miðast við hannað rúmmál í óhreyfðu bergi.

Mælieining:  $m^3$

#### 22.13 Berg í yfirborði undirbyggingar

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við frágang á sprengdu eða óhreyfðu bergyfirborði í yfirborði undirbyggingar á fullnægjandi hátt í samræmi við verklýsingu.

f) Uppgjör miðast við hannaðan flöt bergs eða bergskeringar í yfirborði undirbyggingar, sem gengið er frá í samræmi við verklýsingu.

Mælieining:  $m^2$

#### 22.14 Flokkun efnis úr bergskeringum

a) Verkþátturinn innifelur alla vinnu við flokkun efnis úr bergskeringum, ámokstur, flutningur og losun á losunarstað í samræmi við fyrirmæli.

f) Uppgjör miðast við rúmmál flokkaðs efnis mælt á losunarstað.

Mælieining:  $m^3$

#### 22.15 Sprengingar á lausum steinum

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við sprengingar á lausu grjóti. Innifalið er meðal annars borun, hleðsla og sprengiefni. Allur annar kostnaður svo sem ámokstur, flutningur, frágangur efnis o.s.frv. reiknast með kostnaði við aðra verkþætti ef ekki er mælt fyrir um annað.

f) Uppgjör miðast við hannað rúmmál á ósprengdum steinum.

Mælieining:  $m^3$

#### 22.2 Grjótnám

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við losun efnis í grjótnámi, með þeim sérstöku takmörkunum og öryggisráðstöfunum, sem mælt er fyrir um. Innifalinn er allur kostnaður við losun efnis, og flokkun og geymslu þess, sé þess krafist, en annar kostnaður skal talinn með öðrum verkþáttum.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál bergs, sem losað er í grjótnámi skv framanskráðu, flokkað og geymt.

Mælieining:  $m^3$

**22.21 Grjótnám við byggð**

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við losun efnis í grjótnámi við byggð, með þeim sérstöku takmörkunum og öryggisráðstöfunum, sem mælt er fyrir um. Innifalinn er allur kostnaður við losun efnis, og flokkun og geymslu þess, sé þess krafist, en annar kostnaður skal talinn með öðrum verkþáttum.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál bergs, sem losað er í grjótnámi, flokkað og geymt.

Mælieining:  $m^3$

**22.22 Grjótnám á opnum svæðum**

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við losun efnis í grjótnámi á opnum svæðum, með þeim sérstöku takmörkunum og öryggisráðstöfunum, sem mælt er fyrir um. Innifalinn er allur kostnaður við losun efnis, og flokkun og geymslu þess, sé þess krafist, en annar kostnaður skal talinn með öðrum verkþáttum.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál bergs, sem losað er í grjótnámi, flokkað og geymt.

Mælieining:  $m^3$

**22.23 Grjótnám, flokkun efnis**

a) Verkþátturinn innifelur alla vinnu við flokkun efnis í grjótnámi.

f) Uppgjör miðast við rúmmál flokkaðs efnis mælt í námu.

Mælieining:  $m^3$

**22.24 Grjótnám, forskurður bergs**

a) Verkþátturinn innifelur allt efni og alla vinnu við forskurð bergs með þeim sérstöku takmörkunum og öryggisráðstöfunum, sem mælt er fyrir um.

f) Uppgjör miðast við flatarmál skurðflatar.

Mælieining:  $m^2$

**22.3 Forskurður bergs (presplit)**

a) Verkþátturinn innifelur gerð forskeringar.

f) Uppgjör miðast við hannað flatarmál skurðflatar.

Mælieining:  $m^2$

**24. Skeringar í laus jarðlög**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringa í vegstæði í samræmi við fyrirmæli. Innifalið er m.a. losun efnis (nema ef um berg er að ræða), afstífling, styrking og yfirbygging þar sem þess er þörf, vatnsvarnir, haugsetning, ámokstur og flutningur efnis úr skeringu á notkunarstað, nauðsynlegur undirbúningur undirstöðu, þar með talin stöllum ef þörf er

á, frágangur á notkunarstað, þjöppun, þurrkun og vökvun í samræmi við kröfur og frágangur yfirborðs.

f) Uppgjör miðast við hannað frágengið rúmmál efnis á notkunarstað.

Mælieining:  $m^3$

**24.1 Ónothæfu efni jafnað í fláafleyga**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringa í ónothæft efni í vegstæði í samræmi við fyrirmæli. Innifalið er m.a. losun efnis (nema ef um berg er að ræða), afstífling, styrking og yfirbygging þar sem þess er þörf, vatnsvarnir, haugsetning, ámokstur og flutningur efnis úr skeringu í fláafleyga, jöfnun þeirra og frágangur yfirborðs.

f) Uppgjör miðast við óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu

Mælieining:  $m^3$

**24.11 Ónothæfu efni ýtt í fláafleyga**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringar og ýtingu og jöfnun á ónothæfu efni úr skeringu í fláafleyga.

f) Uppgjör miðast við óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu

Mælieining:  $m^3$

**24.12 Ónothæfu efni ekið í fláafleyga**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringar og ámokstur akstur og jöfnun á ónothæfu efni úr skeringu í fláafleyga

f) Uppgjör miðast við óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu

Mælieining:  $m^3$

**24.2 Ónothæfu efni jafnað á losunarstað**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringa í ónothæft efni í vegstæði í samræmi við fyrirmæli. Innifalið er m.a. losun efnis (nema ef um berg er að ræða), afstífling, styrking og yfirbygging þar sem þess er þörf, vatnsvarnir, haugsetning, ámokstur og flutningur efnis úr skeringu á losunarstað, frágangur, þjöppun, þurrkun og vökvun í samræmi við kröfur og frágangur yfirborðs.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu.

Mælieining:  $m^3$

**24.21 Ónothæfu efni ýtt og jafnað við veg**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringar í ónothæft efni og ýtingu og jöfnun þess við veg.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu.

Mælieining:  $m^3$

**24.22 Ónothæfu efni ekið og jafnað við veg**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringar í ónothæft efni og ámokstur, akstur og jöfnun þess við veg.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu.

Mælieining: m<sup>3</sup>

**24.3 Ónothæfu efni jafnað á losunarstað**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringar í ónothæft efni og ámokstur, akstur og jöfnun þess á losunarstað.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu.

Mælieining: m<sup>3</sup>

**24.31 Ónothæfu efni ekið á losunarstað**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringar í ónothæft efni og ámokstur og akstur þess á losunarstað.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu.

Mælieining: m<sup>3</sup>

**24.4 Skeringar í nothæft efni**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringa í nothæft efni í vegstæði í samræmi við fyrirmæli. Innifalið er m.a. losun efnis (nema ef um berg er að ræða), afstífling, styrking og yfirbygging þar sem þess er þörf, vatnsvarnir, haugsetning, ámokstur og flutningur efnis úr skeringu á notkunarstað, nauðsynlegur undirbúningur undirstöðu, þar með talin stöllum ef þörf er á, frágangur á notkunarstað, þjöppun, þurrkun og vökvun í samræmi við kröfur og frágangur yfirborðs.

f) Uppgjör miðast við hannað frágengið rúmmál efnis á notkunarstað.

Mælieining: m<sup>3</sup>

**24.41 Nothæft efni flutt á losunarstað utan vegar**

a) Verkþátturinn innifelur gerð skeringa í nothæft efni í vegstæði í samræmi við fyrirmæli. Innifalið er m.a. losun efnis (nema ef um berg er að ræða), afstífling, styrking og yfirbygging þar sem þess er þörf, vatnsvarnir, haugsetning, ámokstur og flutningur efnis úr skeringu á notkunarstað, frágangur á notkunarstað utan vegar, þjöppun, þurrkun og vökvun í samræmi við kröfur og frágangur yfirborðs.

f) Uppgjör miðast við hannað óhreyft rúmmál efnis mælt í skeringu.

Mælieining: m<sup>3</sup>